

**165**

14. gr.

7. sept. Gjaldldagi á föstum vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Vatnsskatturinn skal greiddur í einu lagi fyrir líðandi ár.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1500.00, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**


---

*Hallgrímur Dalberg.*
**166****AUGLÝSING**

7. sept.

**um hámarkshraða ökutækja um Hafnarkauptún í Austur-Skaftafellssýslu.**

Hámarkshraði bifreiða og annarra vélknúinna ökutækja er 35 km á klst. um Suðurlandsveg innan Hafnarkauptúns í Hornafirði, frá vegi í Ósland að sunnan, og að vatnsgeymi að norðan og einnig á öllum götum í kauptúninu innan þessara marka.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50 gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. september 1960.*

F. h. r.

E. u.

**Ragnar Bjarkan.**